

Ed.

994. Breytingartillögur

[213. mál]

við frv. til l. um skipulag á fólksflutningum með langferðabifreiðum.

Frá samgöngunefnd.

1. Við 4. gr. Greinin orðist svo:

Sjö manna nefnd, skipulagsnefnd fólksflutninga, skal skipuð til að vera samgönguráðherra til ráðuneytis um leyfisveitingar og önnur þau mál sem þessum flutningum tilheyra og nánar eru tilgreind í reglugerð eða ráðherra óskar eftir álitni nefndarinnar á.

Nefndin skal skipuð einum fulltrúa tilnefndum af Alþýðusambandi Íslands, einum fulltrúa tilnefndum af Búnaðarfélagi Íslands, einum fulltrúa tilnefndum af Félagi hóperðaleyfishafa, tveimur fulltrúum tilnefndum af Félagi sérleyfishafa og einum fulltrúa tilnefndum af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Sjöunda nefndarmanninn skipar samgönguráðherra án tilnefningar og skal hann jafnframt vera formaður.

Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Nefndin skal skipuð til fjögurra ára í senn.

Nefndin kys sér sjálf varaformann og ritara. Þóknun fyrir störf hennar greiðist úr ríkissjóði.

2. Við 5. gr. Síðasta mgr. orðist svo:

Samgönguráðherra getur sagt upp sérleyfi innan fimm ára tímabilsins ef fyrirhugaðar eru verulegar skipulagsbreytingar innan ákveðinna svæða sem viðkomandi sveitarfélög standa sameiginlega að. Slíkur uppsagnarfrestur skal þó ekki vera skemmri en tvö ár.

3. Við 8. gr. 3. mgr. falli brott.

4. Við 12. gr. Greinin orðist svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 29 23. mars 1983, um skipulag á fólksflutningum með langferðabifreiðum.